

LANDSMÓTIÐ

Reglur í pönnukökubakstri

1. Dæmt er eftir hraða, fjölda, leikni, hreinlæti, útliti og bragðgæðum.
2. Uppskriftina velur keppandinn sjálfur að því undanskildu að í henni eiga að vera 150 grömm hveiti og að minnsta kosti 1 egg (meðalstórt).
3. Keppandi leggur fram nákvæma uppskrift áður en keppni hefst. Nafn keppanda, heimilisfang og símanúmer skal koma fram á blaðinu.
4. Mótshaldari leggur til algeng efni í pönnukökur: Hveiti, sykur, egg, mjólk, smjörlíki, matarolíu, lyftiduft, sódaduft (natron) og bökunardropa. Ef óskað er eftir öðrum efnum/bragðefnum eða einhverri sérstakri tegund af hráefni verða keppendur að útvega þau sjálfir og hafa meðferðis. Keppandi skal þó nota það hveiti sem mótshaldari leggur til.
5. Hver keppandi fær vinnuborð með rafmagnshellu, áhald til að hræra deigið með, ausu, skál, mælilát, sigti, sleikju, vinnudisk, kökufat og borðklút.
6. Keppendur koma með eigin pönnukökupönnu og pönnukökuspaða. Heimilt er að koma með ausu og áhald til að hræra deigið með. Ekki er þó heimilt að nota rafmagnsþeytara.
7. Áður en keppni hefst eru rafmagnshellur prófaðar, áhöldum raðað og allt tekið til í deigið. Leyfilegt er að blanda þurrefnunum í skál áður en keppni hefst, en ekki skal setja vökva eða byrja að hræra deigið saman fyrr en keppni er hafin.
8. Í lokin er 10 pönnukökunum skilað upprúlluðum með sykri en hinar tvíbrotnar í horn.
9. Keppni er ekki lokið fyrr en pönnukökum hefur verið komið fyrir á kökufati og gengið frá vinnuborði, áhöldum raðað og borðið þvegið.

Stigatafla

1. Hraði og fjöldi – 25 stig
Fjöldi – 10 stig (20 kökur gefa 10 stig, 19 kökur gefa 9 stig osfrv.)
Hraði – 15 stig (17 mínútur gefa 15 stig, 18 mínútur gefa 14 stig osfrv.)
2. Leikni og hreinlæti – 25 stig
Örugg vinnubrögð – 5 stig
Umgengni á vinnusvæði meðan bakað er – 5 stig
Frágangur á pönnukökum á fati – 5 stig
Frágangur á vinnusvæði – 5 stig
Frágangur uppskriftar – 5 stig
3. Útlit – 25 stig
Engin göt – 5 stig
Allar kökur rétt lagaðar – 5 stig
Allar kökur samlitar – 5 stig
Engin kaka hrá eða brennd – 5 stig
Engin kaka kekkjótt – 5 stig
4. Bragðgæði – 25 stig
Góðar pönnukökur gefa mest 25 stig, Sæmilegar pönnukökur gefa mest 15 stig
Slæmar pönnukökur gefa mest 5 stig.